



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 9/2018
Reykjavík, 25. júní 2018

Ákvörðun um bann við markaðssetningu og notkun véla.

I. Málavextir

Í tölvubréfi frá Vinnueftirliti ríkisins til fyrirtækisins Cozy Campers ehf. kt. 550514-0520, dags. 12. apríl 2017, óskaði stofnunin eftir upplýsingum um hvort fyrirtækið hafi flutt inn eða keypt hitunarbúnað í ferðabíla, af tegundinni Air 2KW Parking Heater frá JP China Trade Int'l Co., LTD, og ef svo væri, fór stofnunin fram á að fá afrit af EB-samræmisfirlýsingu búnaðarins. Í tölvubréfi frá fyrirtækinu kom fram að það væri að nota slíkan búnað í alla sína bíla en fyrirtækið leigir út bíla með svefnaðstöðu. Þann 15. apríl 2017 lagði fyrirtækið fram EB-samræmisfirlýsingu fyrir búnaðinn til Vinnueftirlits ríkisins. Stofnunin upplýsti fyrirtækið með tölvubréfi, þann 31. ágúst 2017, að EB-samræmisfirlýsingin væri ekki fullnægjandi þar sem hún uppfylli ekki skilyrði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað.

Með bréfi, dags. 27. febrúar 2018, óskaði Vinnueftirlit ríkisins eftir fullnægjandi EB-samræmisfirlýsingu fyrir umræddan hitunarbúnað. Þann 23. mars 2018 lagði fyrirtækið fram EB-samræmisfirlýsingu frá árinu 2017 og tvö vottorð um samræmi frá ENTE Certificazione Macchine á Ítalíu (Certificate of Compliance).

Með bréfi Vinnueftirlits ríkisins, dags. 18. apríl 2018, til Cozy Campers ehf. upplýsti stofnunin fyrirtækið um að framangreind gögn uppfylltu ekki skilyrði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Í bréfinu var fyrirtækinu veittur frestur, til og með 14. maí 2018, til að koma að andmælum, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, eða koma vélinni í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 1005/2009. Í tölvubréfi frá fyrirtækinu, dags. 25. apríl 2018, kom fram að fyrirtækið ætli að skipta búnaðinum út fyrir búnað sem uppfyllti skilyrði reglugerðarinnar. Í kjölfar bréfsins óskaði Vinnueftirlit ríkisins, með tölvubréfi þann 27. apríl 2018, eftir tímasettri aðgerðaráætlun frá fyrirtækinu um hvernig það hygðist skipta búnaðinum út fyrir sumarið. Vinnueftirliti ríkisins hefur ekki borist aðgerðaráætlun frá fyrirtækinu.

Með bréfi dags. 14. maí 2018, andmælti fyrirtækið því að umræddum búnaður væri ekki í samræmi við reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, með vísan í að vottorðin frá ENTE Certificazione Macchine, sem fyrirtækið lagði fram, uppfylltu skilyrði A-lið 1. hluta II viðauka reglugerðarinnar. Vinnueftirlit ríkisins hafnaði þeim andmælum fyrirtækisins með bréfi dags. 23. maí 2018, þar sem framangreind vottorð frá ENTE Certificazione Macchine séu ekki EB-samræmisyfirlýsingar í skilningi reglugerðarinnar og þá teljist ENTE Certificazione Macchine ekki fulltrúi framleiðanda, sbr. j. lið 2. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað.

Vinnueftirlit ríkisins hefur ekki borist svar við bréfi stofnunarinnar frá 23. maí 2018. Þá hafa engin frekari gögn borist varðandi umræddan hitunarbúnað.

II. Niðurstaða

Hitunarbúnað í ferðabíla af tegundinni Air 2KW Parking Heater sem fyrirtækið keypti af aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og flutti inn til landsins fellur undir reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Fyrirtækið Cozy Campers ehf. telst framleiðandi vélarinnar í skilningi reglugerðarinnar, sbr. i. lið 2. gr., þar sem fyrirtækið flutti vélarnar sjálf inn til landsins frá landi utan EES.

Samkvæmt e-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað skal framleiðandi, áður en vél er sett á markað og/eða tekin í notkun, semja EB-samræmisyfirlýsingu skv. A-lið 1. hluta II. viðauka reglugerðarinnar og tryggja að yfirlýsingin fylgi vélinni. Í A-lið 1. hluta II. viðauka við reglugerðarinnar eru tiltekin, í 10 tölulíðum, þau atriði sem þurfa að koma fram í EB-samræmisyfirlýsingu fyrir vél. Þau atriði sem A. liður 1. hluta II. viðauka við reglugerð 1005/2009 gerir kröfu um en kemur ekki fram í EB-samræmisyfirlýsingunni sem fyrirtækið lagði fram eru eftirfarandi:

1. Ekki kemur fram nafn og heimilisfang einstaklings með heimild til að taka saman tækniskjölín en hann skal hafa staðfestu innan EES, sbr. 2. tölul. A. liðar 1. hluta II viðauka reglugerðarinnar.
2. Lýsing og auðkenni vélar er ekki nægilega skýr. Í EB-samræmisyfirlýsingu á að koma fram almennt heiti, virkni, tegund, gerð, raðnúmer og verslunarheiti vélar, sbr. 3. tölul. A. liðar 1. hluta II viðauka reglugerðarinnar.
3. Í EB-samræmisyfirlýsingunni er ekki vitnað í vélatilskipun (Machinery Directive 2006/42/EC) og því er yfirlýsingin ekki staðfesting á að vélin uppfylli öll viðeigandi ákvæði reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, sbr. 4. tölul. A. liðar. 1. hluta II. viðauka hennar.
4. Vantar gilda undirritun. Í EB-samræmisyfirlýsingu þarf að koma fram upplýsingar um þann sem undirritar, sbr. 10. tölul. A. liðar. 1. hluta II. viðauka.

Er því EB-samræmisyfirlýsingin, sem Cozy Campers ehf. lét Vinnueftirliti ríkisins í té, ófullnægjandi. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað telst vél ranglega viðurkennd þegar EB-samræmisyfirlýsingu vantar fyrir vél.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað er svohljóðandi:

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að vél sem fellur undir gildissvið reglugerðar þessarar hafi ranglega verið einkennd með CE-merki, sbr. 13. gr., eða henni fylgir ranglega EB-samræmisfirlýsing ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans að sjá til þess að vélinni verði breytt þannig að hún fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar um CE-merki og EB-samræmisfirlýsingu.

Þá hljóðar 3. mgr. sömu greinar svo:

Sinni framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans ekki skyldu sinni skv. 2. mgr. eftir að hafa fengið hæfilegan frest til að bæta úr annmörkum skv. 1. mgr. er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að banna markaðssetningu og/eða notkun vélarinnar eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku. Að öðru leyti gildir 48. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Framangreindur hitunarbúnaður í ferðabíla er ranglega viðurkenndur, skv. b. lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar, þar sem fullnægjandi EB-samræmisfirlýsingu vantar fyrir vélarnar. Þá hefur fyrirtækið ekki komið vélunum í samræmi við kröfur reglugerðarinnar.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, kemur fram að óheimilt sé að setja á markað eða taka í notkun tegund véla, tækja eða annars búnaðar sem uppfyllir ekki reglur um öryggi og formskilyrði, svo sem um merkingar, leiðbeiningar, vottanir, yfirlýsingar um samræmi eða prófunarskýrslur, sem sett eru skv. framangreindum lögum og sérreglum settum á grundvelli þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að banna markaðssetningu og notkun á þeim tegundum véla, tækja eða annars búnaðar sem fullnægja ekki ákvæðum laga þessara, annarra sérreglna sem settar eru á grundvelli þeirra eða viðurkenndra staðla er gilda á sameiginlegum markaði ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

III.

Ákvörðunarorð

Með vísan til 1. mgr. 48. gr. a laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað, bannar Vinnueftirlit ríkisins markaðssetningu og notkun hitunarbúnaðar í ferðabíla af tegundinni Air 2KW Parking Heater frá JP China Trade Int'l Co., LTD, sem fyrirtækið keypti af aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins og flutti inn til landsins.